

eftir þessum úrslitum málsins hinni stefndu bæjarstjórn með 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnað fyrir yfirrétti greiði áfrýjandi fyrrum landlæknir J. Jónassen hinni stefndu bæjarstjórn Reykjavíkur með 50 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 27. maímán.

Nr. 9/1907:

Réttvísín

gegn

Þorsteini Brandssyni og
Knud Jacobsen.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 5. desbr. f. á., voru hinir ákærðu, Þorsteinn Brandsson í Hafnarfirði og Norðmaðurinn Knud Jacobsen hvor um sig dæmdir til að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir brot gegn 205. gr. alm. hegningarl. 25. júní 1869; Þorsteinn Brandsson var dæmdur til að greiða málsvarnarlaun 10 kr. til verjanda síns málflutningsmanns Karls Einarssonar, og

Knud Jacobsen var dæmdur til að greiða allan af fangelsun hans og fangelsisvist leiðandi kostnað, og málsvarnarlaun 10 kr. til verjanda síns málfutningsmanns Eggerts Claessen; allan annan kostnað málsins í héraði voru hinir ákærðu dæmdir til að greiða báðir fyrir einn og fyrir báða. Máli þessu hefir verið áfryjað til yfirdómsins bæði eftir ósk hinna ákærðu beggja og fyrir hönd réttvisinnar.

Um miðjan septbr. í haust var hinn ákærði Knud Jacobsen á gangi á götu í Hafnarfirði og hitti þá drenginn Jón Brandsson, bróður hins ákærða Þorsteins Brandssonar; án þess drengurinn þá gaf nokkurt tilefni til þess, laust Jacobsen hann högg í höfuðið, og segist hann hafa gjört það af því að honum hafi verið í nöp við drenginn, síðan þeir voru á skipi saman í sumar er leið. Drengurinn fór þá heim til bróður síns, meðákærða Þorsteins Brandssonar, og fór Jacobsen sömu leið, en er drengurinn hafði sagt Þorsteini frá aðförum Jacobsens við sig, lenti þeim Þorsteini og Jacobsen í illyrðum út af því, er lauk svo, að Þorsteinn elti Jacobsen út á götuna, réðst á hann, jarðvarpaði honum og barði hann í andlitið með kreptum hnefa, svo að hann varð mjög blóðugur. Í viðureign þessari hlaut Jacobsen eftir læknavottorði svo lagaða áverka, að hann var marinn fyrir neðan bæði augun, talsvert bólginn í andlitinu, fekk rispu, meinlausa þó, þvert yfir nefið, og við nánari rannsókn fanst, að hann var nefbrotinn; svo hafði hann dálitinn skurð eftir hníf á litlafingri á hægri hendi. Það eru þó engin líkindi til þess, að Jacobsen hafi nefbrotnað í þessari viðureign, og eigi er neitt sannað um það heldur, að hann hafi í henni fengið skurðinn á

litlafingrinum. Að öðru leyti verður að álíta, að Þorsteinn hafi veitt honum áverkana í viðureign þeirra, en eftir læknisvottorði eru áverkarnir eigi meiri en svo, að engin líkindi voru til þess að Jacobsen yrði að vera frá vinnu nema 3—4 fyrstu dagana eftir viðureignina. Fyrir þessa árás á Jacobsen, sem eigi verður réttlætt með því að Jacobsen barði bróður Þorsteins rétt á undan, svo og áverkana, sem Jacobsen fekk í viðureigninni, verður að dæma Þorstein Brandsson, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, og eigi hefir áður verið dæmdur eða honum refsað fyrir glæp, til refsingar eftir 205. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsingin hæfilega ákveðin eftir atvikum málsins 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Í viðureign þeirri, er hér hefir verið lýst, varð ákærði Þorsteinn Brandsson fyrir áverka á handlegginn, er hann taldi orðið hafa af völdum meðákærða Jacobsens, og er áverkanum þannig lýst af lækni, er samdægurs skoðaði hann, að sár var á vinstri handlegg framanverðum nokkru fyrir neðan olnbogaliðinn, c. 1 ctm. á lengd og c. 1 þml. á dýpt, sem auðsjáanlega var eftir hnif eða annað oddhvast eða beitt ahald; blæddi mikið úr sárinu, og Þorsteinn mátti ekkert vinna fyrstu 10 dagana eftir að hann særðist, en annars má ætla að hann hafi orðið jafngóður. Nálægt því er þeir Þorsteinn og Jacobsen áttust við fanst eftir viðureignina hnifur, sem var eign Jacobsens, og telur læknir mögulegt að sárið hafi verið gjört með honum. Jacobsen hefir þó algjörlega neitað því, að hann hafi stungið Þorstein eða sært hann þessu sári; hann kannast við, að hann hafi átt hnifinn, en segir að hann hafi eigi verið í sínum

vörzslum, er þetta gjörðist, því að hann hafi verið búinn að glata honum, enda er það komið fram í málinu, að hnífurinn hafði áður fundist á heimili Þorsteins og var geymdur þar um tíma, og er það eigi full-ljóst, að Jacobsen hafi verið afhentur hnífurinn aftur af heimilisfólkinu þar. Með vitnaskýrslum í málinu er ekkert um það sannað, að Jacobsen hafi haft hníf uppi og beitt hníf í viðureigninni; að eins eitt vitni þóttist sjá eitthvert verkfæri, er það hélt vera hníf, fljúga »úr ermi og í hendi annars hvors þeirra Þorsteins eða Norðmannsins«, hyggur þó fremur Norðmannsins, verkfærinu brá þó fyrir að eins augnablik og vitnið var eigi viss um að það væri hnífur. Með því að það gegn ákveðinni neitun Jacobsens eigi einu sinni er sannað, að hann hafi haft hníf handa á milli, er þeir áttust við, hann og Þorsteinn, og á hinn bóginn eigi er loku fyrir það skotið, að Þorsteinn kunnist að hafa stungið sig sjálfur óviljandi í ákaflogunum, en hann var ákaflega reiður og virðist lítt hafa gætt sín í viðureign þeirra, þá verður ákærði Jacobsen eigi dæmdur til refsingar í þessu máli, og ber að sýkna hann af ákæru sóknarans. Varðhaldskostnaður Knud Jacobsens og málsvarnarlaun fyrir hann bæði í héraði og fyrir yfirdómi, 10 kr. fyrir hvorum rétti, greiðist af almannafé. Allur annar kostnaður málsins bæði í héraði og fyrir yfirdómi greiðist af hinum ákærða Þorsteini Brandssyni, þar með talin málflutningslaun til sækjanda svo og verjanda hans fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Knud Jacobsen skal vera sýkn fyrir ákæru sóknarans í máli þessu. Ákærði Þorsteinn Brandsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 8 daga. Varðhaldskostnaður Knud Jacobsens og málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda hans fyrir báðum réttum, málsfærslumanns Eggerts Claessen, 10 kr. fyrir hvorum rétti, greiðist úr landssjóði. Ákærði Þorsteinn Brandsson greiði allan annan kostnað málsins bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda við yfirdóminn málsfærslumanns Odds Gíslasonar 10 kr. og til skipaða verjanda síns málsfærslumanns Karls Einarssonar einnig 10 krónur.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. júnímán.

Nr. 15/1907:

Réttvísinn

gegn

Guðjóni Eyólfssyni, Guðrúnu Stefánsdóttur og

Runólfi Eyólfssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu,